

Áttundi fundur haldinn að Breiðabliki 12. september að Breiðabliki 2019 kl. 20:30

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Rekstrarstaða Eyja og Miklaholtshrepps eftir 6 mánuði. Rekstrarniðurstaðan kynnt og farið yfir hana.
2. Laugargerðisskóli – viðhald eigna. Lögð fram tilboð í að setja dúk, pappa og þak á herbergisálmuna. Farið yfir mismunandi þakgerðir fyrir herbergisálmuna.
3. Laugargerðisskóli – þak á íþróttahúsi. Ákveðið að skipta um hluta af þaki á íþróttahúsinu út af brýnni þörf.
4. Gjaldskrá vegna Laugargerðisskóla veturinn 2019-2020. Gjaldskráin samþykkt.
5. Bréf frá Borgarbyggð dagsett 23. ágúst 2019 þar sem samningi um brunavarnir milli Slökkviliðs Borgarbyggðar og Eyja- og Miklaholtshrepps er sagt upp en jafnframt kemur fram að Borgarbyggð er tilbúið til viðræðna um endurskoðun fyrgreinds samnings. Samþykkt að fara í viðræður við Borgarbyggð. Oddvita falið að ræða málin.
6. Tölvupóstur frá Ólöfu Eyjólfsdóttur dagsettur 6. september 2019 og varðar beiðni viðkomandi til hreppsnefndar að hún leiti úrlausnar vegna ágangs sauðfjár í kringum starfsemi hótél og íbúðarhús á vegamótasvæðinu. Oddvita falið að ræða við Vegagerðina og leita lausna fyrir vegsvæðið í sveitinni.
7. Mótus – greiningar. Erindið lagt fram til kynningar og hafnað.
8. Umsögn vegna rekstrarleyfis vegna rekstur gististaðar í flokki II, frístundarhús, sem rekinn er að Söðulsholti. Samþykkt samhljóða.
9. Bréf SSV dagsett 2. September 2019, varðandi haustþing SSV.
10. Bréf frá eigendum nokkra jarða á Mýrum, dagsett. 26. ágúst 2019, varðandi fjölgun meindýra vegna kvóta á veiðum og urðunarsvæðisins í Fíflholtum. Lagt fram til kynningar.
11. Fundargerð fjallskilanefndar frá 2. september 2019 ásamt fjallskilaseðil lagt fram til kynningar.
12. 145. Fundargerð stjórnar SSV frá 10. maí 2019.
13. 146. Fundargerð stjórnar SSV frá 12. maí 2019
14. 95. Fundargerð Sorpurðunar Vesturlands frá 3. mars 2019
15. 96. Fundargerð Sorpurðunar Vesturlands frá 19. júní 2019.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Katrín Gísladóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)

